

**Ed.**

**514. Nefndarálit**

[230. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, sbr. lög nr. 90 31. des. 1981.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. Í greinargerð með frv. kemur fram að ráðuneytið hafi haft lög nr. 90/1981 til athugunar og að komið hafi í ljós, að hæpið sé að það takist að festa kaup á nægilegu magni af stimplum í tæka tíð fyrir sveitarstjórnarkosningarnar á vori komanda.

Nefndin hefur eftir atvikum fallist á samþykkt frv., en þó aðeins sem bráðabirgðaúræði sem gildi til ársloka 1982, og flytur breytingartillögur þess efnis á sérstöku þskj.

Alþingi, 23. mars 1982.

Eiður Guðnason,  
form.

Egill Jónsson.

Salome Þorkelsdóttir,  
frsm.

Soffía Guðmundsdóttir.  
Stefán Guðmundsson.

Ey. Kon. Jónsson.

Jón Helgason.